

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993

1. gr.

Skilyrði greiðslu tekjutryggingar.

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri, örorku-, endurhæfingar- eða slysalífeyri frá Tryggingarstofnun ríkisins og eiga lögheimili hér á landi eða í ríki sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga.

Óskert tekjutrygging greiðist þeim sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 - 67 ára aldurs, sbr. þó 2. og 3. gr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist tekjutrygging í hlutfalli við lögheimilistímann.

Við ákvörðun lögheimilistíma örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs.

2. gr.

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 390.144 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu á lífeyri hans að upphæð 347.244 380.148 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 241.344 390.144 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 724.032 1.317.408 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 380.148 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 1.317.408 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem fara ekki fram úr 482.688 780.288 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 780.288 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 402.840 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 362.016 402.840 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris, en hitt ekki hitt, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 1.086.048 1.611.360 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 375.756 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 1.611.360 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 805.680 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 805.680 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

4. gr.

Ákvæði varðandi hjón og sambúðarfolk.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Vegna tekjutryggingar skulu tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris, en hitt ekki, þá skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

Sama rétt til bóta og hjón hafa einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hafur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár eða ef þau hafa átt barn saman eða konan þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá. Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri rétt en það hefði haft í hjónabandi.

5. gr.

Tekjur úr lífeyrissjóðum.

Tekjur um ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóði, allt að 109.260 kr. á ári hjá einhleypingi eða 152.966 kr. á ári hjá hjónum eða sambúðarfólki, sem bæði eru lífeyrisþegar, sbr. 4. gr. reiknast ekki inn í framangreindar viðmiðunartekjur.

Til lífeyrissjóðstekna í þessu sambandi teljast greiðslur tekjur úr lífeyrissjóðum, sem gilda starfa sömu eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir reglur og háðir um eru aðrar eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. IX. kafla laga nr. 129/1997 tekjur.

6. gr.

Tekjuhugtakið og aðrar fráfráttarþærar tekjur.

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

Tekjur öryrkja af atvinnu skulu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar. Með tekjum af atvinnu er átt við tekjur fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu svo og allar starfstengdar greiðslur og tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, sbr. lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Tekjur erlendis frá.

Tekjur, sem bótaþegi fær greiddar erlendis frá, skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að því marki sem slíkar tekjur hefðu áhrif á ákvörðun tekjutryggingar, væri þeirra aflað hérlendis. Auk þess er heimilt að skerða greiðslur vegna bóta erlendis frá og sem eru fyrir sama tímabil og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

8. gr.

Eignatekjur.

Eignir hafa ekki áhrif á útreikning tekjutryggingar, ef þær skila engum tekjum, sem skattskyldar teljast. Hafa skal þó hliðsjón af því hvort eignum bótaþega hafi verið ráðstafað með þeim hætti að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar bótanna.

9. gr.

Ákvörðun tekna og tekjufirlýsing.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt reglugerð þessari, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattayfirlönd geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir að hann fengi hækkun tekjutryggingar samkvæmt þessari reglugerð, og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós að gefnar voru rangar upplýsingar eða tekjur hafa hækkað aftur, skal ofgreiðsla endurheimt.

10. gr.

Endurskoðun bóta.

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu almennt gilda frá 1. september ár hvert. Í sérstöku undantekningartilfellum skal þó heimilt að láta hinar breyttu tekjur hafa áhrif á útreikning bóta þegar eftir að lífeyrisþegi hefur fært sönnur á tekjulækkun.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða, er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem hafa orðið.

11. gr.

Úrskurðir og kæra til tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild ákvarðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Ákvarðanir lífeyristryggingadeildr eru kærانlegar til tryggingaráðs.

12. gr.

Verklagsreglur.

Tryggingarstofnun ríkisins setur verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og skulu þær hljóta umfjöllun og samþykkt tryggingaráðs.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 485/1995 með síðari breytingu. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. desember 1998. -

- Ingibjörg Palmadóttir. -

- _____ -

- Jón Samundur Sigurjónsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.